

Ed.

899. Framhalds-nefndarálit

um frv. til laga um kosningar til Alþingis (þskj. 783).

Háttv. neðri deild hefir hvergi breytt frumvarpinu, nema kaflanum:
»Ákvæði um stundarsakir«.

Breytingarnar eru þessar:

1. Í stað þess, að landskjörið átti að fara fram í síðari hluta marsmánaðar, en kjördæmakjörið 1.—10. júní 1916, samkv. frv., eins og háttv. efri deild samþykkti það, á landskjörið að fara fram 1. júlí, en kjördæmakjörið 9. september 1916, samkv. samþykkt háttv. neðri deildar.
2. Síðasta málsgr. frv. er feld burt. Enda er það sjálfsgöð afleiðing af hinni breytingunni.

Nefndin felst ekki á, að háttv. neðri deild hafi ákveðið heppilega kjördagana, sist fyrir sveitirnar. Báðir geta þeir lent á slættinum, ef vel árar, en að sjálfsgöðu hinn síðari. Og er það þó sá, er síður skyldi. Til landskjörsins koma að eins eldri menn, húsráðendur og þeir aðrir, er helst eiga heiman gengt. Til kjördæmakjörsins eiga fleiri erindi, og koma margfalt fleiri, að öllum líkindum. Það er því með öllu óhafandi, að kjördæmakjörið fari fram á miklum annatíma. Afsakanlegra er, að láta landskjörið fara fram á slíkum

tíma. Enda mun það aldrei verða fjölsótt í sveitum, hvort sem er, nema það færi fram samdægurs hinu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU

á kaflanum: »Ákvæði um stundarsakir«.

Fyrir »1. júlí«, komi:

5. ágúst.

Og fyrir »9. september«, komi:

1. vetrardagur.

Efri deild Alþingis, 9. sept. 1915.

Með fyrirvara
Eiríkur Briem,
form.

Karl Finnbogason,
skrifari og framsögum.

Magnús Pjetursson.